

Vorönn 2019

Bekkjarnámskrá

9. - 10. bekkur



Umsjónarkennari: Sigurjón Bjarnason
LAUGALANDSSKÓLI Í HOLTUM

Efnisyfirlit

Almennt.....	3
Íslenska.....	3
Hæfniviðmið.....	6
Skipulag kennslunnar.....	7
Grunnþættir menntunar.....	7
Námsmat.....	8
Gróf kennsluáætlun:.....	9
Stærðfræði 10. bekkur.....	6
Hæfniviðmið.....	9
Skipulag kennslunar.....	9
Grunnþættir menntunar.....	9
<i>Námsmat</i>	10
Stærðfræði 9. bekkur.....	8
Hæfniviðmið.....	8
Skipulag kennslunar.....	8
Grunnþættir menntunar.....	8
<i>Námsmat</i>	9
Samfélagsfræði.....	12
Hæfniviðmið.....	13
Skipulag kennslunar.....	14
Grunnþættir menntunar.....	14
Námsmat.....	15
Náttúrufræði.....	15
Hæfniviðmið.....	15
Meginmarkmið.....	16
Skipulag kennslunar.....	16
Grunnþættir menntunar.....	16
Námsmat.....	17
Enska.....	17
Hæfniviðmið.....	17
Skipulag kennslunnar.....	18
Grunnþættir menntunar.....	18
Námsmat.....	18
Danska.....	19

Hæfniviðmið	19
Skipulag kennslunnar	19
Grunnþættir menntunar	19
Námsmat	20
Íþróttir	20
Hæfniviðmið	20
Skipulag kennslunnar	20
Grunnþættir menntunnar	20
Námsmat	20

Bekkjarnámskrá 9. - 10. bekkjar

Almennt

Í 9. og 10. bekk eru 10 nemendur.

Lykilhæfni er metin þvert á námsgreinar á sérstöku námsmatsblaði.

Valgreinar má finna í sérskjali, fyrir 7. – 10. bekk.

Umsjónarkennari er Sigurjón Bjarnason.

Íslenska 9. bekkur

Kennarar: *Kristín Arna Hauksdóttir*

Fimm kennslustundir á viku

Í íslensku er lögð áhersla á að nemendur geti nýtt sér handbækur og orðasöfn, rafræn sem í bókum, í öllu námi sínu.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið fyrir íslensku eru sett fram í fjórum mismunandi flokkum.

Talað mál, hlustun og áhorf

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og aðlagð efni og framsögn að áheyrendum hverju sinni. Nýtt sér vel þær leiðbeiningar sem þeir fá um góða framsögn.
- Tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og sett þær fram með þeim hætti sem best hentar; valið rétta miðla.
- Tekið afstöðu til upplýsinga frá ýmsum miðlum og nýtt sér þær til náms.
- Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.

Lestur og bókmenntir

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Lesið á þeim hraða sem bekkjarviðmið segja til um (eða einstaklingsáherslur) lesið lipurt og skýrt, sér til gagns og skilnings og lagt mat á það sem er lesið. Nánar í [lestrarstefnu árganganna](#) (tengill).
- Greint á milli aðalatriða og aukaatriða í texta.
- Valið sér lesefni út frá þörf og áhuga.
- Gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda.
- Lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi lesturs.
- Lesið og túlkað ljóð.
- Leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum miðlum.

Ritun

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Gengið skipulega til verks. Skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta til heimilda og skráð þær.
- Tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli og samið texta út frá eigin brjósti sem hentar þeim lesendum sem textinn er ætlaður. Nýtt sér fjölbreyttan orðaforða.

- Beitt reglum um réttritun, náð góðu valdi á stafsetningu og gert sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda.

Málfræði

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Beitt helstu málfræði hugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess með sérstakri áherslu á orðflokka.
- Þekki fleyg orð, málshætti og orðtök.
- Gert sér grein fyrir því að íslenskan er í sífelldri þróun sem og skyldleika hennar við önnur tungumál.
- Leikið sér með orð og merkingu.
- Gerir sér grein fyrir merkingu þess að læra málfræði og geti beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess.

Skipulag kennslunnar

Mikið verður um umræður í tímum, hvort heldur sem er um bókmenntir, málfræði eða ritun. Nemendur skiptast á skoðunum, rökræða ályktanir og hugmyndir bekkjarfélaganna og reyna að ögra sér og öðrum með því að nálgast málin frá ólíkum sjónarhornum. Við forðumst að tala um rangt eða rétt heldur höfum hugann opinn.

Nemendur vinna bæði einstaklingslega t.d. eftir innlagnir, en einnig í hópum.

Þrjár bækur verða lesnar, ein Íslendingasaga, ein nútíma skáldsaga og ein bók að eigin vali. Einnig verða ýmsar ljóðabækur kynntar og unnið með fjölbreyttan texta sem kennari útdeilir.

Námsefni

Neistar

Málið í mark

Heimir, handbók um heimildavinnu

Málvísir, handbók um málfræði

Mér er í mun...

Með fjaðrabliki...

Mýrin eftir Arnald Indriðason

Gísla saga Súrssonar

Sérvalið efni úr öðrum bókum og af netinu.

Grunnþættir menntunar

Læsi: Það að vera læs er meira en kunna að kveða það, heldur er það kannski frekar að nýta sér táknerfi ýmiskonar til þess að skapa merkingu og eiga samskipti. Læsi er því einnig að geta hlustað og meðtekið upplýsingar. Við erum að sífellt að skapa merkingu innra með okkur, móttaka upplýsingar og vinna úr þeim. Mikilvægi þess að nemendur afli sér þekkingar á fjölbreyttan hátt, fái síðan að vinna efni upp úr þeirri þekkingaröflun, skapi merkingabæra afurð er mikilvæg í íslensku sem öðrum greinum. Þá er ekki síður mikilvægt að nemendur fái að miðla þekkingu síni á fjölbreyttan hátt; í ræðu, riti sem á stafrænan hátt og með myndmáli.

Sjálfbærni: Eitt af markmiðum íslenskunnar er að gæta að henni og flytja hana til afkomenda okkar í sem bestu ástandi. Tungumál er þó ávallt í þróun og því er mikilvægt að taka tillit til þessa í allri kennslu. Í umræðum er þess gætt að gildi, viðhorf og tifinningar nemenda fái notið sín og séu virtar af hópnum.

Lýðræði og mannréttindi; eru nátengd læsishugtakinu eins og kemur fram hér að ofan. Umræða og umfjöllun nemenda um málefni líðandi stundar sem hin stærri mál eru forsenda þess að þau verði tilbúin til þess að taka þátt á virkan og ábyrgan hátt í lýðræðislegu samfélagi. Þetta er stór hlut af öllu námi barnanna hvort heldur sem er í íslensku eða öðrum greinum. Rökræður verða síst ofþjálfðar.

Í öllum umræðum þarf að hafa opinn huga, vera tilbúinn að hlusta, ræða og læra. Mikilvægt er að taka á og fjalla um fordóma og staðalhogmyndir. Gæta þarf að orðum sínum og fjalla um málefni af virðingu og með umburðarlyndi að leiðarljósi. Umhyggja er eitt lykilhugtak lýðræðisins og þá jafnt fyrir fólki, dýrum sem umhverfi.

Reynt er að koma til móts við nemendur með verkefnavali og útfærslum þeirra.

Jafnrétti: Mikilvægt er að fjölbreyttur nemendahópur fái notað sín sem best þannig að hver og einn hafi tækifæri til þess að þroskast á eigin forsendum.

Jafnrétti kynjanna er mikið umræðunni og unglingum hugleikin. En það er ekki síður að huga að jafnrétti í víðara samhengi, varðandi til dæmis trúarbrögð, útlit, þjóðerni, kynhneigðar eða félagslegrar stöðu.

Heilbrigði og velferð: Grunnur að því að nám eigi sér stað er að nemendum líði vel, hvort heldur líkamlega, andlega eða félagslega. Til þess þarf að skapa góðan bekkjaranda þar sem traust og virðing eru í hávegum höfð.

Sköpun; er eitt af lykilhugtökum íslenskukennslunnar. Í náminu felst, líkt og kemur fram hér á undan að nema, vinna úr og miðla. Miðlunin er tengd sköpuninni og hvernig nemandi nær að nýta sér þekkingu sína við sköpun og miðlun hennar. Mikilvægt er að virkja sköpunarkraftinn hjá hverjum og einum þannig að hann nýtist við að skapa og miðla fjölbreyttum hugmyndum og verkefnum. Sköpun er þó ekki síður mikilvæg við að afla sér þekkingar en við miðlun hennar. Virk og skapandi hugsun getur af sér mikið úr litlu.

Námsmat

Námsmat í íslensku fer fram með ýmsum hætti. Einkum er beitt símati og heildstæð verkefni metin.

Þekking, leikni og hæfni eru metin á fjölbreyttan hátt og í samræmi við kennsluhætti viðfangsefnisins.

Annarpróf eru um jól og að vori.

Búast má við stuttum könnunum þar sem þekking er metin, sem nýlega var unnið með.

Einkunnir eru gefnar A B C D að vori.

Læsi er metið með hefðbundnum atkvæðaprófum, með Lesferli MMS og lesskilningsverkefnum.

Nemendur fara einnig í framsagnarpróf í lestri. Námsmatið er sett fram með atkvæðum pr. mínútu og lesin orð á mínútu.

15%	Hegðun og virkni í tímum
10%	Kjörbókarritgerð og önnur ritunarverkefni
10%	Heimildaverkefni
10%	Handrit og vinna að stuttmynd
10%	Áfangapróf (kaflapróf) í málfræði
10%	Verkefni og vinna vegna Gíslasögu
35%	Vorpróf

Gróf kennsluáætlun:

Jafnt og þétt yfir önnina lesa nemendur bæði heima og í skóla.

Janúar:	Gíslasaga lesin og unnin úr henni verkefni, málfræði, stafsetning og ritun vegna skólablaðs.
Febrúar	Gíslasaga lesin og unnin úr henni verkefni, málfræði, stafsetning og ritun vegna skólablaðs.
Mars:	Kjörbókarritgerð. Skrifað um bók að eigin vali, málfræði og vinna með ljóð. Lestur, stafsetning og málfræði.
Apríl:	Handrit að stuttmynd unnið og myndin tekin upp. Gerð heimildaritgerð um efni að eigin vali. Lestur, stafsetning og málfræði.
Maí:	Unnið með alla þætti og undirbúningur fyrir próf.

Íslenska 10. bekkur

Kennarar: *Kristín Arna Hauksdóttir*

Fimm kennslustundir á viku

Í íslensku er lögð áhersla á að nemendur geti nýtt sér handbækur og orðasöfn, rafræn sem í bókum, í öllu námi sínu.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið fyrir íslensku eru sett fram í fjórum mismunandi flokkum.

Talað mál, hlustun og áhorf

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og aðlagð efni og framsögn að áheyrendum hverju sinni. Nýtt sér vel þær leiðbeiningar sem þeir fá um góða framsögn.
- Tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og sett þær fram með þeim hætti sem best hentar; valið rétta miðla.
- Tekið afstöðu til upplýsinga frá ýmsum miðlum og nýtt sér þær til náms.
- Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.

Lestur og bókmenntir

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Lesið á þeim hraða sem bekkjarviðmið segja til um (eða einstaklingsáherslur) lesið lipurt og skýrt, sér til gagns og skilnings og lagt mat á það sem er lesið. Nánar í [lestrarstefnu árganganna](#) (tengill).
- Greint á milli aðalatriða og aukaatriða í texta.
- Valið sér lesefni út frá þörf og áhuga.
- Gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda.
- Lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi lesturs.
- Lesið og túlkað ljóð.
- Leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum miðlum.

Ritun

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Gengið skipulega til verks. Skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta til heimilda og skráð þær.

- Tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli og samið texta út frá eigin brjósti sem hentar þeim lesendum sem textinn er ætlaður. Nýtt sér fjölbreyttan orðaforða.
- Beitt reglum um réttritun, náð góðu valdi á stafsetningu og gert sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda.

Málfræði

Við lok skólaárs geti nemendur:

- Beitt helstu málfræði hugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess með sérstakri áherslu á orðflokka.
- Þekki fleyg orð, málshætti og orðtök.
- Gert sér grein fyrir því að íslenskan er í sífelldri þróun sem og skyldleika hennar við önnur tungumál.
- Leikið sér með orð og merkingu.
- Gerir sér grein fyrir merkingu þess að læra málfræði og geti beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess.

Skipulag kennslunnar

Mikið verður um umræður í tímum, hvort heldur sem er um bókmenntir, málfræði eða ritun. Nemendur skiptast á skoðunum, rökraða ályktanir og hugmyndir bekkjarfélaganna og reyna að ögra sér og öðrum með því að nálgast málin frá ólíkum sjónarhornum. Við forðumst að tala um rangt eða rétt heldur höfum hugann opinn.

Nemendur vinna bæði einstaklingslega t.d. eftir innlagnir, en einnig í hópum.

Þrjár bækur verða lesnar, ein Íslendingasaga, ein nútíma skáldsaga og ein bók að eigin vali. Einnig verða ýmsar ljóðabækur kynntar og unnið með fjölbreyttan texta sem kennari útdeilir.

Námsefni

Neistar

Málið í mark

Heimir, handbók um heimildavinnu

Málvísir, handbók um málfræði

Mér er í mun...

Með fjaðrabliki...

Mýrin eftir Arnald Indriðason

Gísla saga Súrssonar

Sérvalið efni úr öðrum bókum og af netinu.

Grunnþættir menntunar

Læsi: Það að vera læs er meira en kunna að kveða það, heldur er það kannski frekar að nýta sér táknerfi ýmiskonar til þess að skapa merkingu og eiga samskipti. Læsi er því einnig að geta hlustað og meðtekið upplýsingar. Við erum að sífelldu að skapa merkingu innra með okkur, móttaka upplýsingar og vinna úr þeim. Mikilvægi þess að nemendur afli sér þekkingar á fjölbreyttan hátt, fái síðan að vinna efni upp úr þeirri þekkingaröflun, skapi merkingabæra afurð er mikilvæg í íslensku sem öðrum greinum. Þá er ekki síður mikilvægt að nemendur fái að miðla þekkingu síni á fjölbreyttan hátt; í ræðu, riti sem á stafrænan hátt og með myndmáli.

Sjálfbærni: Eitt af markmiðum íslenskunnar er að gæta að henni og flytja hana til afkomenda okkar í sem bestu ástandi. Tungumál er þó ávallt í þróun og því er mikilvægt að taka tillit til þessa í allri kennslu. Í umræðum er þess gætt að gildi, viðhorf og tífningar nemenda fái notið sín og séu virtar af hópnum.

Lýðræði og mannréttindi; eru nátengd læsishugtakinu eins og kemur fram hér að ofan. Umræða og umfjöllun nemenda um málefni líðandi stundar sem hin stærri mál eru forsenda þess að þau verði tilbúin til þess að taka þátt á virkan og ábyrgan hátt í lýðræðislegu samfélagi. Þetta er stór hlutur af öllu námi barnanna hvort heldur sem er í íslensku eða öðrum greinum. Rökræður verða síst ofþjálfðar.

Í öllum umræðum þarf að hafa opinn huga, vera tilbúinn að hlusta, ræða og læra. Mikilvægt er að taka á og fjalla um fordóma og staðal hugmyndir. Gæta þarf að orðum sínum og fjalla um málefni af virðingu og með umburðarlyndi að leiðarljósi. Umhyggja er eitt lykilhugtak lýðræðisins og þá jafnt fyrir fólki, dýrum sem umhverfi.

Reynt er að koma til móts við nemendur með verkefnavali og útfærslum þeirra.

Jafnrétti: Mikilvægt er að fjölbreyttur nemendahópur fái notað sín sem best þannig að hver og einn hafi tækifæri til þess að þroskast á eigin forsendum.

Jafnrétti kynjanna er mikið umræðunni og unglingum hugleikin. En það er ekki síður að huga að jafnrétti í víðara samhengi, varðandi til dæmis trúarbrögð, útlit, þjóðerni, kynhneigðar eða félagslegrar stöðu.

Heilbrigði og velferð: Grunnur að því að nám eigi sér stað er að nemendum líði vel, hvort heldur líkamlega, andlega eða félagslega. Til þess þarf að skapa góðan bekkjaranda þar sem traust og virðing eru í hávegum höfð.

Sköpun; er eitt af lykilhugtökum íslenskukennslunnar. Í náminu felst, líkt og kemur fram hér á undan að nema, vinna úr og miðla. Miðlunin er tengd sköpuninni og hvernig nemandi nær að nýta sér þekkingu sína við sköpun og miðlun hennar. Mikilvægt er að virkja sköpunarkraftinn hjá hverjum og einum þannig að hann nýtist við að skapa og miðla fjölbreyttum hugmyndum og verkefnum. Sköpun er þó ekki síður mikilvæg við að afla sér þekkingar en við miðlun hennar. Virk og skapandi hugsun getur af sér mikið úr litlu.

Námsmat

Námsmat í íslensku fer fram með ýmsum hætti. Einkum er beitt símati og heildstæð verkefni metin.

Þekking, leikni og hæfni eru metin á fjölbreyttan hátt og í samræmi við kennsluhætti viðfangsefnisins.

Annarpróf eru um jól og að vori.

Búast má við stuttum könnunum þar sem þekking er metin, sem nýlega var unnið með.

Einkunnir eru gefnar A B C D að vori.

Læsi er metið með hefðbundnum atkvæðaprófum, með Lesferli MMS og lesskilningsverkefnum.

Nemendur fara einnig í framsagnarpróf í lestri. Námsmatið er sett fram með atkvæðum pr. mínútu og lesin orð á mínútu.

15%	Hegðun og virkni í tímum
10%	Kjörbókarritgerð og önnur ritunarverkefni
10%	Heimildaverkefni
10%	Handrit og vinna að stuttmynd
10%	Áfangapróf (kaflapróf) í málfræði
10%	Verkefni og vinna vegna Gíslasögu
35%	Vorpróf

Gróf kennsluáætlun:

Jafnt og þétt yfir önnina lesa nemendur bæði heima og í skóla.

Janúar:	Gíslasaga lesin og unnin úr henni verkefni, málfræði, stafsetning og ritun vegna skólablaðs.
Febrúar	Gíslasaga lesin og unnin úr henni verkefni, málfræði, stafsetning og ritun vegna skólablaðs.
Mars:	Kjörbókarritgerð. Skrifað um bók að eigin vali, málfræði og vinna með ljóð. Lestur, stafsetning og málfræði.
Apríl:	Handrit að stuttmynd unnið og myndin tekin upp. Gerð heimildaritgerð um efni að eigin vali. Lestur, stafsetning og málfræði.
Maí:	Unnið með alla þætti og undirbúningur fyrir próf.

Stærðfræði 10. bekkur

Kennari: Sigurjón Bjarnason

6 tímar með 9. bekk

Hæfniviðmið

Að vori hafi nemendur:

- náð valdi á hugtökum stærðfræðinnar og geti notað tákni til að skipuleggja og rannsaka t.d. með líkindareikning og tölfræði og þjálfu vinnubrögð bæði með og án tölfutækni.
- náð það góðum tókum á völdum sviðum stærðfræðinnar að hún nýtist í daglegu lífi
- náð grunntökum á eftirtöldum þáttum og geti unnið með þá: rúmfræði, jöfnur, jöfnuhneppi brot og prósentur og samband þar á milli, sannanir í rúmfræði
- öðlast færni til að takast á við stærðfræðileg verkefni og þrautir,
- átta' sig á hvaða aðferðir henta best hverju sinni.

Skipulag kennslunar

Hópinnlagnir við efnisatriði sem það á við annars einstaklingsinnlagnir, áhersla á samantektum (töflutímum) við lok hvers áfanga.

Námsefni

Almenn stærðfræði fyrir grunnskóla III eftir Lars-Erik Björk o.fl., Skali 3B eftir Grete Norman Toftberg o.fl., heimaðemi, samræmdpróf og annað þjálfunarefni t.d. á netinu (sjá www.rasmus.is og <http://vefir.mms.is/staerdfraeditorg/unglingastig.html>).

Kennslufnið gróf yfirferð

janúar- febrúar	5. kafli. Algebra
janúar – mars	6. kafli. Jöfnur og jöfnuhneppi
apríl – maí.	7. kafli Sannanir í rúmfræði Upprifjun og þjálfun einstakra atriða.

Grunnþættir menntunar

- Læsi. Að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskrifa tákniál stærðfræðinnar og öðlast þannig góðan skilning á henni og geta beitt henni í daglegu lífi
- Sjálfbærni. Stærðfræði er mikilvægt til að gera sér grein fyrir og skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingu er þroskaður sem vikur borgari og meðvitaður um gildi samfélagsin t.d. sem tæki til að mæla losun úrgang.
- Lýræði og mannréttindi. Mikilvægt er að nemendur beri virðinug hver fyrir öðrum og áhugi nemedá á stærðfræði vakin og þeir beri ábyrgð á eigin námi.
- Jafnrétti. Allt inntak kennslunnar miðast við að jafnrétti sé gætt í hvívetna t.d. hvað varðar orðalag og orðanotkun sem viðhöfð eru í kennslunni.
- Heilbrigði og velferð. Leitast er við að skapa jákvæðan bekkjaranda þar sem hlúð er að þroska og líðan hvers og eins. Reynt er að koma til móts við þarfir allra nemenda.
- Sköpun. Í stærðfræðinni er markvíst þjálfuð gagnrýn hugsun og til að uppgötva nýja leiðir við úrlausn verkefna. Reynt vekja forvitni þannig að nemendur takist ávið áskoranir með opnum huga.

Lykilhæfni: Námsgreinin kemur inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla: Tjáning og miðlun – Skapandi og gagnrýnin hugsun – sjálfstæði og samvinnu –Nýtingu miðla og upplýsinga – Ábyrgð og mat á eigin námi.

Námsmat

- Haustönn skyndipróf 30% , Lykilhæfni varðandi heimavinnu og vinnubók 5%, framkomu og vinnusemi í tímum 5% jólaþróf 60%
- Vorönn skyndipróf 30% , Kennaraeinkunn varðandi heimavinnu og vinnubók 5% og framkomu og vinnusemi í tímum 5% lokapróf 60% .
- Lokaeinkunnir verða síðan gefnar í bókstöfunum, A, B+, B, C+, C, og D, sem eru matsviðmið byggð á hæfnisviðmiðum í aðalnámskrá. Hver bókstafur segir til um hversu stóran hluta af matsviðmiðunum hver nemandi náði. A er framúrskarandi, B+ rétt undir framúrskarandi o.s.frv.

Kannanir – skyndipróf / dagsetningar

- 6. feb.. Kaflapróf 5 kafli
- 27. mars Skyndipróf úr því efni sem búið er
- 3. apríl.: Kaflapróf 6 kafli.
- 28. apríl. : Kaflapróf 7 kafli .

Námsyfirferð á vorönn 10. bekkur:

3. –4. jan.	Bls. 118-123 Sjálfspróf 6, fara yfir og sýna kennara.
7. – 11. jan.	Bls. 124-130
14. – 18. jan.	Bls. 131-137 Sjálfspróf 7, fara yfir og sýna kennara
21. – 25. jan.	Bls. 138-143
28. – 1. feb..	Bls. 144-149 Sjálfspróf 8, könnun 5. feb.
4. – 8. feb.	Bls. 151-154
11. – 15. feb.	Bls. 155-157

18. – 22. feb.	Bls. 158-161	Sjálfspróf 9, fara yfir, sýna kennara
25. – 1. mars.	Bls. 162-166	
4. – 8. mars.	Bls. 167-168	Skyndipróf úr því efni sem búið er.
11. – 15. mars.	Bls. 169-174	Sjálfspróf 10, fara yfir og sýna kennara
18. – 22. mars.	Bls. 175-182	Kaflapróf úr 6. kafla
25. – 29. mars.	Bls. 183-190	
1. – 5. apríl.	Bls. 191-205	Sjálfspróf 11, fara yfir og sýna kennara
8. – 12. apríl.	Bls. 206-211	
24. – 26. apríl	Bls. 218-223	Sjálfspróf 12 (7. Kafli) Könnun 29. Ap.
29. – 3. maí	Bls. 243-247	
6. – 10. maí	Bls. 250-253	
13. - 17. maí		Undirbúningur fyrir próf og vorpróf.
20. - 24. maí	Skólaferðalag 21. – 24.	

Með fyrirvara um breytingar!

Stærðfræði 9. bekkur

Kennari: Sigurjón Bjarnason

6 tímar með 10. bekk.

Hæfnisviðmið:

- Að nemendur: að nemendur nái valdi á hugtökum stærðfræðinnar og geti notað hana í daglegu lífi
- að öðlast færni til að takast á við stærðfræðileg verkefni og þrautir,
- og átti sig á hvaða aðferðir henta best hverju sinni
- *nái grunntökum á eftirtöldum þáttum og geti unnið með þá: stórar og smáar tölur, rúmfræði, algebra, einlögun, hnitakerfi og tölfræði.

Skipulag kennslunar

Hópinlagnir við efnisatriði sem það á við annars einstaklingsinnlagnir, áhersla á samantektum (töflutímum) við lok hvers áfanga.

Námsefni: Almenn stærðfræði fyrir grunnskóla II eftir Lars-Erik Björk o.fl., Skali 3B eftir Grete Norman Toftberg o.fl., heimaðemi, samræmdpróf og annað þjálfunarefni t.d. á netinu (sjá www.rasmus.is og <http://vefir.mms.is/staerdfraeditorg/unglingastig.html>).

Námsefni

Almenn stærðfræði fyrir grunnskóla II eftir Lars-Erik Björk o.fl., heimaðemi og annað þjálfunarefni t.d. á netinu (sjá t.d. [rasmus.is](http://www.rasmus.is) og vefir.mms.is/staerdfraeditorg/midstig.html).

Nemendur nota vasareikna í öllum stærðfræðitímum.

Í lok hvers kafla verður lagt fyrir próf og stundum oftár.

Náms- og kennslutilhögun

Hópinlagnir við efnisatriði sem það á við annars einstaklingsinnlagnir, áhersla á samantektum (töflutímum) við lok hvers áfanga. 9. og 10. bekk er kennt saman í einum námshópi.

Grunnþættir menntunar

- Læsi. Að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskrifa táknmál stærðfræðinnar og öðlast þannig góðan skilning á henni og geta beitt henni í daglegu lífi
- Sjálfbærni. Stærðfræði er mikilvægt til að gera sér grein fyrir og skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingu er þroskaður sem vikur borgari og meðvitaður um gildi samfélagsin t.d. sem tæki til að mæla losun úrgang.
- Lýræði og mannréttindi. Mikilvægt er að nemendur beri virðing hver fyrir öðrum og áhugi nameda á stærðfræði vakin og þeir beri ábyrgð á eigin námi.
- Jafnrétti. Allt inntak kennslunnar miðast við að jafnrétti sé gætt í hvívetna t.d. hvað varðar orðalag og orðanotkun sem viðhöfð eru í kennslunni.
- Heilbrigði og velferð. Leitast er við að skapa jákvæðan bekkjaranda þar sem hlúð er að þroska og líðan hvers og eins. Reynt er að koma til móts við þarfir allra nemenda.
- Sköpun. Í stærðfræðinni er markvisst þjálfuð gagnrýn hugsun og til að uppgötva nýja leiðir við úrlausn verkefna. Reynt vekja forvitni þannig að nemendur takist á við áskoranir með opnum huga.

Námsmat

Kennaraeinkunn er heimavinnu og vinnubók 5% og framkomu og vinnusemi í tímum 5% , kaflapróf 30% og lokapróf 60%

Námslýsing fyrir skólaárið

sept. - okt.	1.-2. kafli. Stórar og smáar tölur (veldi og tugaveldi).
okt. - nóv.	3. kafli. Hringurinn (ummál, flatarmál hrings og hringgeiri).
nóv. - feb.	4. kafli. Algebra (stæður og jöfnur og einföldun þeirra).
feb. – mars	5. kafli. Einslögun (hlutföll, einslögun og mælikvarði).
apríl	6. kafli. Hnitakerfi (hnit punkt, formúlur og gröf).
maí	7. kafli. Tölfræði (upprifjun og þjálfun einstakra atriða).

Kannanir / skyndipróf

Kaflapróf 4 ;3. feb., kaflapróf 5; 13.mars, kaflapróf 6; 5. apríl, vorpróf 23. – 28. Maí

Námsyfirferð á vorönn 9. bekkur

3. – 4. jan.	Bls. 126-132
7. – 11. jan. .	Bls. 133-138 Sjálfspróf 8, fara yfir og sýna kennara.
14. – 18. jan. .	Bls. 139-147

21. – 25. jan. .	Bls. 148-157	Sjálfspróf 9, fara yfir og sýna kennara.
28. – 1. feb..	Bls. 158-165	Sjálfspróf 10, (4 kafli) Könnun 3. feb..
4. – 8. feb.	Bls. 166-170	Samræmdpróf
11. – 15. feb.	Bls. 171-176	Samræmdpróf
18. – 22. feb.	Bls. 177-183	Samræmdpróf
25. – 1. mars.	Bls. 184-190	Sjálfspróf 11, fara yfir og sýna kennara. Sam.próf
4. – 8. mars.	Bls. 191-195	Upprifjun (5. Kafli) Samræmdpróf
11. – 15. mars.		Samræmdpróf
18. – 22. mars.	Bls. 196-201	Könnun 13. mars
25. – 29. mars	Bls. 202-207	Sjálfspróf 12, fara yfir og sýna kennara.
1. – 5. apríl.	Bls. 208-212	Upprifjun (6. Kafli)
8. – 12. apríl	Bls. 213-217	Könnun 5. apríl
24. – 26. maí	Bls. 218-225	Upprifjun (7. Kafli) Könnun 21. apríl
29. – 3. maí	Bls. 226-238	Sjálfspróf 13, fara yfir og sýna kennara.
6. -10.	Bls. 239-247	
13.- 17	Undirbúningur fyrir vorpróf Bls. 250-253	Undirbúningur fyrir próf

Samfélagsfræði

Kennari: Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson

Þrjár kennslustundir í viku.

Hæfniviðmið

Kennslan miðast að því að nemandi geti/hafi:

- sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs,
- ígrundað víxverkun safélags, stjórn mála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa í tímans rás, í samhengi nærsamfélags og hnattvæðingar,
- rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni,
- gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum,
- fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins,
- gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menningarsæðum,
- útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands við umheimin,

- tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu, verði gagnrýninn neytandi og geti sett sér markmið á grundvelli þekkingar á fjármálaumhverfi einstaklinga og samfélags og þeim tilboðum sem eru í boði,
- sett sig í spor fólks með ólíkan bakrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum,
- sett sér markmið og framtíðaráætlun, til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga,
- tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu,
- vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausn og réttsýnan hátt,
- fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum,
- ígrundað eigin getu til aðgerða og gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna eða aðgerðaleyfis,

Skipulag kennslunar

Stuðst verður við kafla bókarinnar **Á ferð um samfélagið**, efni þeirra rætt og tengt við raunheim nemenda og þá samfélagsumræðu sem uppi er hverju sinni. Þá eru málefni líðandi stundar tekin fyrir og rædd auk þess sem nemendur hafa sjálfir tækifæri til að hafa áhrif á umræður og áherslur í kennslutímum. Mikið verður um samræður/rökræður og hópavinnu, en einnig verður unnið með efnið í gegnum hlutverkaleiki og annarskonar námsleiki til að festa lærða þekkingu í sessi. Föstudagstímarnir eru hugsaðir sem tækifæri fyrir nemendur til að læra færni eða bæta við sig þekkingu á efni að eigin vali. Þar fyrir utan mæta gestakennarar í tíma til okkar. Við fáum meðal annars hæstaréttarlögman sem mun útskýra skattkerfið, stjórnarskrána og hegningarlög.

Námsgögn: Kennslubókin **Á ferð um samfélagið**, fréttavefir, efni af samfélagsmiðlum sem og annað ítarefni frá kennara.

Grunnþættir menntunar

- **Læsi:** Læsi á menningu og félagslega þætti samfélagsins er mikilvægur þáttur fyrir hvern einstakling til að hann fái notið sín og geti notið þess sem samfélagið hefur fram að færa. Markmið samfélagsfræðinnar er að hjálpa nemendum að skilja umhverfi sitt nær og fjær, fá innsýn í ólíka menningarheima í tíma og rúmi með umburðarlyndi fyrir fjölbreytileika mannlífsins að leiðarljósi.
- **Sjálfbærni:** beinist að lýðræðislegum vinnubrögðum þar sem nemendum gefst kostur á að ræða og leysa verkefni í sameiningu og finna bestu lausnir. Nemendur fræðast um sjálfbærni samfélaga sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags.
- **Lýðræði og mannréttindi:** Endurspeglast í virkni nemenda í tímum við að leita lausna, miðla eigin þekkingu og virða framlag annarra. Með þátttöku í hópvinna læra nemendur að virða skoðanir hvers annars. Samfélagsfræðin gefur auk þess kost á því að fjalla um lýðræði og mannréttindi á margvíslegan hátt. Lagt er upp með að nemendur fynni til ábyrgðar á eigin námi, átti sig á mikilvægi eigin þátttöku í lýðræðislegu samfélagi og nauðsin þess að mannréttindi séu virt í hvívetna.
- **Jafnrétti:** Felst meðal annars í því að allir nemendur fái verkefni og námsefni við hæfi og að þörfum þeirra sé mætt af skilningi og virðingu. Kennari leggur sig fram um að gera öllum nemendum kleift að auka þekkingu sína og aðlaga námsefnið að þörfum einstakra nemenda. Samfélagsfræðin býður auk þess upp á fjölmörg tækifæri til að ræða jafnrétti á ýmsum tímum og stöðu jafnréttismála í heiminum í dag.
- **Heilbrigði og velferð:** Undirstaða náms er heilbrigði og velferð nemenda og lögð er rík áhersla á að skapa góðan félagsanda og bekkjarbrag í skólastofunni. Jákvæð samskipti, samhjálp og virðing stuðlar að góðri og jákvæðri sjálfsmynd nemenda og hugrekki til að tjá sig um eigin hugmyndir og taka þátt í uppbyggilegum skoðanaskiptum.
- **Sköpun:** Nemendur skulu hvattir til að beita skapandi hugsun og leita fjölbreyttra leiða til að vinna verkefni sín.

Námsmat

Símat verður alla önnina þar sem kaflapróf verður eftir hvern kafla. Þá verður einnig lokapróf úr efni annarinnar. Auk þessa verður lagt mat á hegðun, ástundum og virkni í umræðum.

Hlutfall námsþátt í lokaeinkunn að vori er eftirfarandi:

Kaflapróf	40%
Lokapróf	40%
Hegðun, ástundun og virkni í umræðum	20%

Náttúrufræði

Kennari: Thelma María Marinósdóttir

Þjár kennslustundir á viku

Hæfniviðmið

- Geta til aðgerða –
Tekið rökstudda afstöðu til málefna og komið með tillögur um hvernig megi bregðast við breytingum en um leið tekið mið af því að í framtíðinni er margt óvísst og flókið.
- Nýsköpun og hagnýting þekkingar –
Tekið þátt í skipulagi og unnið eftir verk- og tímaáætlun hóps við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi. Dregið upp mynd af því hvernig menntun, þjálfun, starfsval og áætlanir um eigið líf tengjast breytingum á umhverfi og tækni.
- Gildi og hlutverk vísinda og tækni –
Beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingsstigsins. Unnið með samþætt viðfangsefni með vinnubrögðum náttúrugreina og tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra þátta tengdum náttúru, umhverfi, samfélagi og tækni.
- Vinnubrögð og færni –
Framkvæmt og útskýrt sérhannaðar eða eigin athuganir úti og inni. Lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt. Aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og erlendum málum. Beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á gagnrýninn hátt, við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda. Kannað áreiðanleika heimilda með því að nota hand- og fræðibækur, netið og aðrar upplýsingaveitur. Gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum. Dregið ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn.
- Ábyrgð á umhverfinu –
Skoðað og skráð atburði eða fyrirbæri sem snerta samspil manns og umhverfis, í framhaldi tekið virkan þátt í gagnrýnni umfjöllun um málið og gert tillögur um aðgerðir til bóta. Tekið þátt í að skoða og skilgreina stöðu umhverfismála á heimsvísu og rætt um markmið til umbóta.
- Að búa á jörðinni –
Útskýrt og rætt ástæður náttúruverndar. Gert grein fyrir stöðu jarðar í himingeimnum og áhrifum hennar á líf á jörðu.
- Lífsskylirði manna –
Útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með ábyrgri neyslu og hegðun. Útskýrt hvað einkennir lífsskylirði manna og hvað felst í því að taka ábyrgð á eigin heilsu. Útskýrt hvernig fóstur verður til og þroskast, hvað felst í ábyrgri kynhegðun og rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði, bæði sín og annarra. Lýst hringrás efna og flæði orku í náttúrunni, útskýrt ljóstillífun og bruna og gildi þeirra.
- Náttúra Íslands –

Lýst ólíkum leiðum við framleiðslu, dreifingu og nýtingu orku á Íslandi og í heiminum. Tekið dæmi af og útskýrt forvarnir, sem eru skipulagðar vegna náttúruhamfara.

- Heilbrigði umhverfisins – Nýtt frumeindakennninguna og lotukerfið til að útskýra eiginleika efna, efnabreytingar og hamskipti. Útskýrt krafta sem verka í daglegu lífi manna
- Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu – Útskýrt mismunandi tegundir geislunar og hvernig þær eru notaðar í fjarskiptum og lækningum.

Meginmarkmið

- Að nemendur læra að þörungar eru mikilvægustu framleiðendur fæðu í vatni.
- Að nemendur læra að sumir stórir brúnþörungar kallast þang eða þari.
- Að nemendur læra að smáir þörungar mynda plöntusviðið.
- Að nemendur læra að frumdýr eru hluti dýrasviðs
- Að nemendur læra að sveppir mynda sérstakt tíki lífvera.
- Að nemendur læra að sveppir ljóstillífa ekki og eru því ófrumbjarga.
- Að nemendur læra að sveppir og plöntur geta unnið saman.
- Að nemendur læra að sveppir eru ætir en aðrir eru eitradir.
- Að nemendur læra að sveppir sem valda því að brauð hefast (lyftir sér).
- Að nemendur læra að fléttur eru þörungar og sveppir sem lifa saman.
- Að nemendur læra að margar fléttur vaxa þar sem engar aðrar lífverur þrífast.
- Að nemendur læra að þekja nokkrar algengar plöntur.
- Að nemendur læra um það hvernig plöntur fjölga sér.
- Að nemendur læra um frævun og frjóvgun.
- Að nemendur læra svolítið um aldin og fræ.
- Að nemendur læra um það hvernig við nýtum plöntur.
- Að nemendur læra um það hvernig plöntur lifa veturinn af.
- Að nemendur læra að dýr skiptast í hryggleysingja og hryggdýr.
- Að nemendur læra að dýr geta ekki búið til eigin fæðu.
- Að nemendur læra að dýr hafa þróast frá lífi í vatni til lífs á landi.
- Að nemendur læra að dýr eru ýmist misheit eða jafnheit.
- Að nemendur læra að skordýr eru sá hópur dýra sem hefur flestar tegundir.
- Að nemendur læra að maðurinn er spendýr.

Skipulag kennslunar

- Fyrirlestur/umræður, vísindaleg hugsun og aðferðir, tilraunir og skýrslugerð, hópvinna, og einstaklingsverkefni.
- Nemendur vinna í verkefnabók og þurfa að vinna í verkefni heima ef þeir ná ekki að ljúka áætlun.
- Samvinnuverkefni eru unnin í litlum hópum. Kennari ákveður viðfangsefni en nemendur hafa frjálsar hendur varðandi nálgun og framsetningu.

Námsefni Lífheimurinn eftir Susanne Fabricius, Marta Ólafsdóttir þýddi og staðfærði, efni frá kennara, efni af netinu og valdar heimildamyndir.

Grunnþættir menntunar –

Námsgreinin kemur inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

- **Heilbrigði og velferð** – Að nemendur 1) fái tækifæri til að njóta styrkleika sinna til þess að byggja upp jákvæða sjálfsmynd og 2) geri sér grein fyrir eigin ábyrg á heilsu og velferð og tileinki sér heilbrigða lífnaðarhætti.
- **Jafnrétti** - Að nemendur þroski með sér virðingu og samkennd gagnvart mönnum, dýrum og umhverfi.
- **Lýðræði og mannréttindi** - Að nemendur 1) taki þátt í lýðræðislegum samræðum um álitamál er tengjast náttúruvísindum og umhverfismálum og 2) hafi val um ákveðna námsþætti og efnistöð.

- **Læsi** - Að nemendur 1) geti lesið einfaldan fræðitexta sér til gagns og geti nýtt sér myndrænar upplýsingar og 2) læri að lesa í náttúruna með því að taka vel eftir því sem þar er.
- **Sjálfbærni** - Að nemendur taki þátt í umfjöllun um umhverfisvernd, loftslagsbreytingar o.fl. og skilji mikilvægi þess að við skilum umhverfinu ekki í lakara ástandi en við tókum við því
- **Sköpun** - Að nemendur vinni verkefni á fjölbreyttan og skapandi hátt, leiti svara, rannsaki og velti vöngum.

Námsmat

10% Kennaraeinkunn

25% Verkefni

25% Könnunarpróf

40% Jóla/Vorpróf

Lokaeinkunnir verða síðan gefnar í bókstöfunum, A, B+, B, C+, C, og D, sem eru matsviðmið byggð á hæfnisviðmiðum í aðalnámskrá. Hver bókstafur segir til um hversu stóran hluta af matsviðmiðunum hver nemandi náði. A er framúrskarandi, B+ rétt undir framúrskarandi o.s.frv.

Enska 9. - 10. bekkur

Kennari: Thelma María Marinósdóttir

Fimm kennslustundir á viku.

Hæfniviðmið

- **Hlustun**
Fyrirhafnarlítið tileinkað sér talað mál um margvísleg málefni í kunnuglegum aðstæðum þegar framsetning er áheyrileg
- **Lesskilningur**
Lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga með nokkuð fjölbættum orðaforða og valið lestraraðferð eftir eðli textans og tilgangi.
- **Samskipti**
Sýnt fram á að hann er vel samræðuhæfur um kunnugleg málefni, beitir nokkuð réttu máli, eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi, notar algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og kann að beita viðeigandi kurteis- og samskiptavenjum, hikorðum og ólíkum aðferðum til að gera sig skiljanlegan og skilja aðra, t.d. með því að umorða setningar.
- **Frásögn**
Tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun, framburð, áherslur, hrynjandi og orðaval.
- **Ritun**
Skrifað lipran samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góð tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar, fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta og notað tengiorð við hæfi,
- **Menningarläsi**
Sýnt fram á að hann þekkir vel til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér vel grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum.
- **Námshæfni**
Sett sér raunhæf markmið, skipulagt nám sitt á markvissan hátt og lagt mat á eigin stöðu og námsframvindu.

Skipulag kennslunnar

Námsefni: Spotlight 9 og 10 eftir Catharina Lantz, Carolin Keay og Randall Jonas, samræmdpróf, lesbækur, efni frá kennara (t.d. málfræðihefti, ritunarefni, lesefni), efni af netinu og valdar kvikmyndir.

Nemendur vinna í Spotlight 9 og 10, textabækur og verkefnabækur ásamt öðru lesefni, gera gagnvirkar málfræðiæfingar, ritunarverkefni og hlustunaræfingar í kennslustundum og þurfa að vinna í verkefni heima ef þeir ná ekki að ljúka áætlun.

Nemendur lesa eina lestrarbók að eigin vali (samþykkt af kennara) og vinna í verkefni að eigin vali um hana á ensku. Lesturinn er liður í heimavinnu nemenda.

Samvinnuverkefni eru unnin í litlum hópum. Kennari ákveður viðfangsefni en nemendur hafa frjálsar hendur varðandi efnistöð og framsetningu.

Kennslustundir eru eftirfarandi: Lestur og lesskilningur 40 mín., ritun 40 mín., málfræði 40 mín., orðaforði og stafsetning 40 mín., og spjall og hlustun 40 mínútur. Enska er töluð í öllum kennslustundum.

Grunnþættir menntunar

Námssgreinin kemur inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla:

- Heilbrigði og velferð – Að nemendur; 1) fái tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga 2) vinna í textum tengdum heilbrigði og 3) þurfa að tjá sig um sínar skoðanir.
- Jafnrétti – Að nemendur 1) þjálfist í samvinnu og læri að hlusta á og virða framlag annarra, og 2) hópa-og paravinnu, þar sem nemendur þurfa að vinna hlusta og virða skoðanir annara.
- *Lýðræði og mannréttindi* – Að nemendur hafi val um ýmislegt sem við kemur verkefnavinnu og geta þá valið eftir áhugasviði. Nemendur velja sér einnig kjörbækur og svo eru stærri verkefni sem nemendur vinna út frá áhugasviði.
- *Læsi* – Að nemendur; 1) geti lesið einfalda texta um efni sem tengist þekktum aðstæðum eða áhugamálum, 2) geti notað hugtök sem unnið hefur verið með og tjáð sig um einföld efni í ræðu og riti og 3) öðlast betri færni í að lesa texta á ensku og að skrifa niður hugsanir frá sjálfum sér.
- Sjálfbærni – Að nemendur; 1) átti sig á mikilvægi hvers og eins í að skapa samábyrgt samfélag, 2) læra að þau eru ábyrg fyrir sinni hegðun í kennslustundum og fyrir sinni vinnu og 3) þurfa að takast á við ýmis álitamál og önnur mál sem upp koma.
- Sköpun – Að nemendur 1) fái tækifæri til að nota ensku á skapandi hátt og nýti fjölbreytta hæfileika sína við úrlausn verkefna, og 2) vinna ýmis verkefni þar sem reynir á sköpun (t.d. veggspjöld, sögugerð og önnur textagerð, myndbandagerð og önnur leiklist)

Námsmat

10% Kennaraeinkunn

25% Verkefni

25% Könnunarpróf

40% Vorpróf

Lokaeinkunnir verða síðan gefnar í bókstöfunum, A, B+, B, C+, C, og D, sem eru matsviðmið byggð á hæfnisviðmiðum í aðalnámskrá. Hver bókstafur segir til um hversu stóran hluta af matsviðmiðunum hver nemandi náði. A er framúrskarandi, B+ rétt undir framúrskarandi o.s.frv.

Danska

Kennari: Stefán Erlendsson

Nemendur fá 4 x 40 mínútna kennslustundir á viku. 9. og 10. bekk er kennt saman.

Hæfniviðmið

- Hlustun:
Geta tileinkað sér talað mál í kunnuglegum aðstæðum þegar framsetning er áheyrileg. Geta nýtt sér efni í fjöl- og myndmiðlun sér til gangs og ánægju, sagt frá og unnið úr því.
- Lesskilningur:
Geti lesið fjölbreytta texta hvort heldur sé úr fjölmiðlum, netmiðlum, smásögum eða skáldsögum sér til gagns og ánægju, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.
- Samskipti:
Geti beitt málinu í samræðum um efni sem hann þekkir, geti bjargað sér við algengar aðstæður sem ferðamaður í Danmörku og geti tekist á við margskonar aðstæður í almennum samskiptum.
- Frásögn:
Geti tjáð sig á áheyrilega um málefni sem hann þekkir og geti flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðlaust og af nokkru öryggi.
- Ritun:
Geti skrifað nokkuð lipran texta um ólík efni sem hann hefur þekkingu á. Geti leikið sér með málið og nýta til þess sköpunargáfuna og ímyndunaraflið.
- Menningarlæsi:
Þekki til siða og hefða í Danmörku og geti borið saman við eigin menningu. Geti sýnt fram á að hann þekki deili á fjölbreyttum uppruna íbúa landsins.
Námshæfni:
● Geti sett sér nokkuð raunhæf markmið, nýtt sér hjálpartæki s.s uppflattirit, orðabækur, veforðasöfn og leitarvélur og umgengist þau af gagnrýni. Geti beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt.

Skipulag kennslunnar

Kennslan er skipulög með fjölbreytta kennsluhætti í huga. Einstaklingsnám, samvinnunám, paravinna, hópvinna, félagakennsla með sérstaka áherslu á talað mál. Nemendur fá áætlun fyrir ca. 2 -4 vikur í senn. Þar kemur fram hvaða viðfangsefni verður tekið fyrir, hvernig unnið verður úr því og hvernig matið fer fram. Þeir nemendur sem eiga við námsörðuleika að stríða fá sér áætlun þar sem tekið er tillit til þeirra getu en vinna með sama viðfangsefni og aðrir nemendur þegar það hentar getu þeirra.

Námsgögn

Tænk + lesbók og vinnubók, Smil lesbók og vinnubók, valdir kaflar úr Ekko lesbók og vinnubók, Grammatik og Bordbombe. Auk þess verður unnið með verkefni af veraldarvefnum, danska fjölmiðla, danskar kvikmyndir og danska tónlist.

Grunnþættir menntunar

Tungumálakunnátta gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunabroska einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum. Nemendur fá aukið tækifæri til að lesa í og skilja aðra menningarheima. Með fjölbreyttum kennsluháttum fær sköpunargáfa nemenda að njóta sín. Þeir vinna út frá eigin styrkleikum og öðlast færni sem styrkir velferð þeirra og heilbrigðar skoðanir. Með samvinnu og jafningjamati þálfast þeir í að hlusta á og virðaskoðanir annara og átta sig á mikilvægi hvers og eins í samfélaginu.

Námsmat.

Í námsmatinu er stuðst við fjölbreyttar aðferðir s.s. jafningjamat, sjálfsmat og leiðsagnamat. Nemendur skila t.d. verkefnum skriflega eða munnlega í formi kynninga eða sem upptekið efni s.s stuttmyndir ýmist einstaklingslega eða í hópum.

Verkefnavinna 30%

Kaflapróf 30%

Vorpróf 30%

Kennaraeinkunn 10%

Skólaíþróttir

Kennari: Sóley Margeirsdóttir

Fjöldi kennslustunda: 3 tímar á viku samkensla með 8.bekk.

Hæfniviðmið

- Gert sér grein fyrir mikilvægi heilbrigðs lífennis
- Gert æfingar sem eru tengdar loftháðu þoli sem og loftfirrtu þoli
- Geti gert æfingar sem reyna á stöðuleika útlíma og bols
- Geti gert æfingar tengdar lipurð og samhæfingu
- Sýnt leikni í mismunandi íþróttagreinum
- Sýnt hinar ýmsu sundaðferðir án hjálpartækja
- Farið eftir helstu öryggisreglum bæði í sundlaug og íþróttahúsi

Skipulag kennslunnar

Kennsluaðferðir; hópkenndsla, innlagnir, verklegar æfingar, herminám o.s.frv.

Skipulag í kennslustofunni; einstaklingsvinna, hópavinna og samvinna

Námsgögn; tæki og tól s.s. flár, núðlur, dýnur, bolta o.s.frv. og leikir

Grunnþættir menntunnar

- Læsi: Nemendur geti valið þau tæki og áhöld sem henta hverju sinni, viti hver áhrif hreyfingar eru á líkamann og fái tækifæri til að upplifa hreyfingu og ræða mikilvægi hennar.
- Sjálfbærni: Nemendur geti búið sjálfir til æfingarplan og fylgt því eftir en einnig valið leiki sem veitir þeim ánægju og sem þeim þykir áhugaverður.
- Jafnrétti: Allir fái að stunda íþróttir óháð þjóðerni, trúarbrögðum, kyni og aldri. Nemendur geti farið eftir reglum og unnið á jafnréttisgrundvelli.
- Lýðræði og mannréttindi: Að nemendur geti valið sér hreyfingu við hæfi, geti haft áhrif á leikjaval en einnig hópaskiptingar og lið. Nemendur læri að koma fram við samnemendur og aðra að virðingu og kurteisi.
- Heilbrigði og velferð: Nemendur átti sig á mikilvægi heilbrigðs lífennis og hreyfingu en einnig hversu jákvæð hún er fyrir sál og líkama.
- Sköpun: Geti þróað og hannað leiki og reglur.

Námsmat

Námsmatsviðmið og matskvarði: Einkunnir frá 1 – 10 nema í 10. bekk eru gefnir bókstafir A-D

Það sem er metið í símati er jákvæðni, virkni, geta og píptest.